# Verklag vegna ofbeldisfullrar hegðunar barns

**Tryggja þarf fagleg og örugg vinnubrögð sem einkennast af góðu skipulagi.**

**Líkamlegu inngripi er einungis beitt í neyð ef hegðun nemanda getur leitt til þess að hann valdi sjálfum sér eða öðrum skaða.**

**Nemanda skal alltaf gefið val um að láta af hegðun án inngrips.**

**Ávallt skal halda ró, stundum gott að segja ekkert um sinn, síðan tala rólega og yfirvegað.**

**Huga þarf að líkamstjáningu og orðavali svo barnið upplifi ekki ögrun eða skipun**

## Fyrstu viðbrögð

- Tryggja öryggi
- Sækja starfsmann, helst sem barnið treystir
- Líkamlegt inngrip aðeins ef nauðsyn krefur (ef barnið ætlar að skaða sig eða aðra)
- Taka barnið úr aðstæðum ef hægt er, fækka áreitum (stundum nauðsynlegt að biðja aðra nemendur að yfirgefa aðstæður)

## Kæling

- Gefa barninu færi á að róa sig niður
- Hætta líkamlegu inngripi um leið og hægt er
- Vera til staðar

## Vinnsla

- Ræða hvað gerðist, hvað orsakaði viðbrögð barnsins
- Lausnaleit, oft með öðrum nemendum/starfsfólki, hefði verið hægt að bregðast öðruvísi við?
- Sáttaferli

## Lok máls

- Huga að fyrirbyggjandi aðgerðum
- Spjalla um næstu skref við nemanda þegar hann er tilbúinn og rólegur
- Kynna úrræði og lausnir - vinna að þeim.
- Máli lokað gagnvart barni

## Úrvinnsla

- Upplýsa stjórnendur
- Ræða við forráðamann
- Gera atvikaskráningu í samstarfi við stjórnanda
- Hafa samband við sérfræðiaðila ef við á t.d. skólaþjónustu, lögreglu barnavernd

**Vinnsla hvers máls er í höndum umsjónarkennara í samvinnu við stjórnanda**